

## AUGLÝSING

### um bann við vörslu og meðferð ávana- og fíkniefnis.

Samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 með síðari breytingum er hvers konar varsla og meðferð kókaíns óheimil.

Á þetta jafnt við um sölt kókaíns og hvers konar samsetningar að undanskilinni kókaínlausn 4% (Solutio cocaini 4% Ph.Nord.) sem heimilt verður að nota einvörðungu við augnaðgerðir.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni þeim er hlut eiga að máli.

Með auglýsingu þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi auglýsing með sama heiti nr. 314/1981.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. mars 2001.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingolf J. Petersen.*